

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Háskóli Íslands Keldur, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði

<b>Dags eftirlits</b>	19.12.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	v/Vesturlandsveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Valgerður Andrésdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	85.14.3
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík og ein athugasemd er skráð. Frávikið snýr að því að ekki voru til staðar áhættumat og neyðar/viðbragðsáætlun skv. grein 4.2 í starfsleyfi. Athugasemdin snýr að yfirlitsskráningum og vinnudagbókum.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit fólst í vettvangsskoðun og yfirferð á leyfisskilyrðum einkum þau er varða varnir gegn mengun ytra umhverfis og innra eftirlit.

Öllum rannsóknastofuúrgangi sem kemst í snertingu við erfðabreyttar lífverur er safnað sérstaklega og dauðhreinsaður í gufusæfi en magn úrgangs er ekki skráð með formlegum hætti.

Afmörkunarráðstafanir skv. grein 2.3 í starfsleyfi eru virtar.

Þjálfun starfsfólks er í höndum ábyrgðarmanna rannsókna, nýjir starfsmenn fá almenna leiðsögn sérstaklega að því er varðar meðhöndlun veira. Leiðbeiningar hanga einnig uppi á rannsóknastofu.

Starfsfólk ber almennan hlífðarbúnað s.s. hanska og sloppa við vinnu. Öryggisnefnd er starfrækt í húsinu og skilti til að vara við líffræðilegri hættu eru til staðar.

Hver og einn starfsmaður færir vinnudagbók þar sem fram koma upplýsingar um daglegan rekstur.

Rætt var um áhættumat og neyðar/viðbragðsáætlun sem var ekki tiltæk við eftirlit.

### Frávík frá

grein 4.2 í starfsleyfi um áhættumat og neyðar/viðbragðsáætlun

### Lýsing á fráviki

Ekki hefur verið gert áhættumat og unnin viðbragðs/neyðaráætlun sbr. 4. og 15. grein reglugerðar nr. 275/2002

## ATHUGASEMDIR

Ekki er haldin sérstök skráning um úrgang sem fellur til á svæðinu og vinnudagbók þar sem fram koma upplýsingar um heildarstarfssemi, upplýsingar um óhöpp og fleira er ekki til staðar. Í staðinn heldur hver og einn starfsmaður utan um sína vinnu. Betur færi á að halda eina sameiginlega vinnudagbók fyrir rannsóknastofurnar þar sem fjallað væri með reglubundnum hætti um daglegan rekstur, skráningu úrgangs, óhöpp og þess háttar.

Reykjavík, 29.12.2014

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.